

LÖG**um breytingu á lögum um vitamál, nr. 56/1981.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra. Heimilt er að endurskipa vitamálastjóra svo oft sem verða vill.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda er skipaður verður vitamálastjóri í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.